




Árs- skýrsla 2021

Samferða

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála og starfar samkvæmt lögum, reglugerðum og alþjóðaskuldbindingum sem gilda á hverjum tíma. Verkefni þjóna markmiðum um öruggar, sjálfbærar, greiðar og hagkvæmar samgöngur þar sem öryggi fólks er í öndvegi.

Starfsemin leggur grunninn að samgönguöryggi og felst í margvíslegri þjónustu við almenning og atvinnulíf. Stofnunin sinnir eftirliti með starfsleyfis skyldum aðilum, skráningu farartækja, undirbúningi laga og reglna, gerð öryggisáætlana, greiningu atvika og fræðslu, svo nokkuð sé nefnt. Umfangið helst í hendur við þarfir samfélagsins og sífellt er leitað leiða til þróunar, framfara og umbóta, með notendur þjónustunnar í forgrunni. Áhersla er á samtal og samvinnu aðila sem láta sig samgöngur varða, hvort sem þeir teljast til almennings, félagasamtaka, atvinnulífs, annarra stofnana eða ráðuneyta. Alþjóðleg samvinna er mikilvægur þáttur í verkefnum Samgöngustofu, enda þarf stofnunin að standast úttektir alþjóðlegra stofnana á svið flugs og siglinga og geta borið sig saman við þær þjóðir sem bestum árangri ná í umferðarmálum.

Árið 2021 hófust víðtækar bólusetningar gegn heimsfaraldri COVID-19. Með þeim fékkst nokkur



viðspyrna fyrir m.a. ferðaþjónustu og flugsamgöngur sem höfðu að mestu legið niðri frá upphafi faraldursins. Batinn var hægari en vonir höfðu staðið til og óvissa varði vegna ónógrar virkni bóluefnanna. Engu að síður fóru aðstæður skánandi eftir því sem á leið og skref voru stigin til að byggja upp að nýju. Reiknað er með áframhaldandi bata á árinu 2022, en búast má við endurreisn til eðlilegs horfs taki nokkurn tíma. Ferðavilji fólks skiptir þar miklu máli og traust til þess að öryggis sé gætt á samræmdan og skilvirkan hátt.

Starfsfólk Samgöngustofu vann á árinu að stefnu- mótun og framtíðarsýn til næstu þriggja ára með það fyrir augum að vera betur í stakk búin til að styðja við uppbyggingu þjóðfélagsins. Inntakið er að við séum *samferða* á þeirri vegferð og ætlum okkur að koma sterkari út úr erfiðum aðstæðum.

Íslenskt þjóðfélag er í stöðugri mótun og aðlögun er nauðsynleg til að framþróun verði. Skýr markmið, verkefnamiðuð starfsemi, tækni og nútímalegar aðferðir er á meðal þess sem færir okkur fram veginn í átt að betra, öflugra og öruggara samfélagi.

Jón Gunnar Jónsson
forstjóri Samgöngustofu



Stefnumótun og framtíðarsýn

Hlutverk Samgöngustofu er að auka lífsgæði með öruggum samgöngum.


Með þátttöku starfsfólks var á árinu unnið að mótun framtíðarsýnar Samgöngustofu og stefnumótun fyrir árin 2022 til 2024. Stefnan hefur markmið um skýra sýn, mælanleg markmið og aðgerðir til úrbóta. Kjarninn í starfseminni er öryggi í samgöngum. Markmiðin ættu alltaf að vera framfarir milli ára og að staða okkar sé hið minnsta jafngóð og þeirra þjóða sem fremstar standa. Mikilvægur þáttur þess er að stuðla sem best að öryggi fólks á ferðinni, óháð samgöngumáta. Margt hefur áunnist en alltaf má gera betur.

Heildarstefna fyrir tímabilið 2022 til 2024 er vegvísir til þeirrar framtíðar sem við viljum byggja á komandi árum. Til einföldunar hefur stofnunin skilgreint fjögur meginverkefni sem ná jafnt til flugs, siglinga og umferðar á landi. Settar voru fram stefnuáherslur sem byggja á þeim.

Framtíðarsýnin vísar til þess að Samgöngustofa og starfsfólk hennar ætla að vera **samferða** ytri hag- aðilum og starfsfólki í að gera gott samfélag enn

betra og öruggara í okkar helstu samgöngumátum. Hluti stefnumótunarinnar var verkefni um sjónræna endurmörkun en mest áhersla var lögð á innihald hennar og innleiðingu. Sjá nánar á stefnuvef Samgöngustofu, stefna.samgongustofa.is.





Skipulag og mannauður

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála í samræmi við lög nr. 119/2012 og heyrir undir innviðaráðuneytið. Ráðherra skipar forstjóra sem ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Forstjóri Samgöngustofu er Jón Gunnar Jónsson.

Í árslok voru í skipuriti Samgöngustofu fimm svið; flug og siglingar, umferð og þjónusta, mannvirki og leiðsaga, stjórnsýsla og þróun og skrifstofa forstjóra.

Mannauðsstefna Samgöngustofu byggir á gildunum jákvæðni, fagmennska, traust og virðing. Áhersla er lögð á vellíðan starfsfólks, starfsaðstöðu og starfsánægju. Á tímum heimsfaraldurs var ýmist gripið til samkomutakmarkana milli vinnusvæða eða vinnustöðvar fluttust heim í lengri eða skemmri tíma. Aðlögunarhæfni, samstarfsvilji og útsjónarsemi starfsfólks nýttist vel við nýjar leiðir til samskipta og þjónustu við viðskiptavinum og tæknilausnir komu í góðar þarfir.

Á árinu 2021 tók stofnunin upp reglubundnar mannauðsmælingar sem markvisst er unnið úr á hverju

sviði. Jafnlaunavottun var formlega náð í ágúst 2020. Stefna stofnunarinnar er að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf svo enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Þann 1. janúar 2021 innleiddi Samgöngustofu betri vinnutíma með markmiði um m.a. umbætur, sveigjanleika og nýtingu.

Ársverk ársins 2021 voru um 139, fjöldi starfsfólks var í árslok um 140, þar af 41% konur og 59% karlar. Fjórir starfsmenn hafa starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins og með auknum möguleikum til fjarvinnu hafa reglur um heimildir til heimavinnu verið settar. Þær nýtast ekki síst fjölda starfsfólks sem er búsett utan höfuðborgarsvæðisins en sækir vinnu til Reykjavíkur.

Kröfur um þjálfun og menntun sérfræðinga og eftirlitsmanna eru iðulega skilgreindar í reglugerðum, eru oft mjög sérhæfðar og þeim fylgt eftir í úttekum erlendra aðila. Námskeið ársins voru færri en venjulega vegna ástandsins á heimsvísu og fóru að mestu fram í gegnum fjarfundarbúnað.



Starfsemi, nýsköpun og umbætur

Samgöngustofa fer með stjórnábylgju í öllum greinum samgangna, veitir leyfi, annast eftirlit og heldur skrár yfir faratæki.

Samgöngustofa tekur virkan þátt í samstarfi innanlands og á alþjóðavísu um samgönguöryggi. Eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta alþjóðastofnana á stjórnábylgju í flug- og siglingamálum hafa bein áhrif á trúverðugleika og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegu umhverfi.

Aukin áhersla er á öflun endurgjafar frá viðskiptavinum í því skyni að greina tækifæri til úrbóta. Auk þátttöku í reglubundinni könnun um opinbera þjónustu voru eigin viðhorfskannanir skipulagðar eftir málefnasviðum. Hin fyrsta var gerð haustið 2021 meðal viðskiptavina í siglingum og niðurstöður nýttar til skilgreiningar og úrvinnslu fimmtán umbótaverkefna. Fyrirhugað er að gera eigin viðhorfskannanir árlega fyrir umferð, flug og siglingar.

Smíði nýrrar skipaskrár, Skútunnar, stendur yfir og stefnt að því að hún verði tekin í rekstur árið 2022. Í upphafi mun Skútan halda utan um skipaskrá, skírteini og lögskráningar. Þar verður hægt að skrá skoðanir skipa rafrænt sem auðveldar utanumhald og eykur öryggi í framkvæmd skoðana.

Mikil tækifæri liggja í stafrænni vegferð, samstarfi um tæknilegar lausnir og samnýtingu innviða sem eykur og jafnar aðgengi viðskiptavina að upplýsingum, gögnum og þjónustu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þróun rafrænnar þjónustu og sjálfsafgreiðslu á vefnum, til hagsbóta fyrir

almennig og hagaðila sem sækja þjónustu og njóta eftirlits hjá Samgöngustofu.

Umfangsmikil vinna við stafrænan ökunámsferil stendur yfir, í samstarfi við innviðaráðuneyti, Stafrænt Ísland, Ríkislögreglustjóra og sýslumenn. Markmiðið er að stórefla opinbera þjónustu við notendur, auka gæði og öryggi gagna, minnka pappír og fækka bílferðum til og frá stofnunum. Fyrsti áfangi verkefnisins náðist á árinu þegar rafræn staðfesting á akstursmati og umsókn um fullnaðarskírteini voru gefin út til notenda. Jafnframt fór fram undirbúningsvinna fyrir næstu áfanga, s.s. tengingar milli stofnana og stafræna ökunámsbók.

Stórt skref var stigið í stafrænni þróun í ökutækjaskráningum með því að nú gefst stórnotendum kostur á að framkvæma nýskráningar og skrá eigendaskipti í gegnum vefþjónustur. Þar með geta þessir aðilar, þ.e. bifreiðaumboð, bílasalar og tryggingafélög, skráð í rauntíma og notast við rafrænar undirskriftir. Þetta bætir þjónustu, hraða og áreiðanleika gagna og mun auka rafrænar ökutækjaskráningar til muna.

Meðal annarra umbóta má nefna nýjan gagnvirkan og notendavænan bifreiðatöluvef. Felur hann í sér stórbætta framsetningu upplýsinga og tölfræði um ökutæki á Íslandi.



Netöryggi og loftslagsmál

Samgöngustofa hefur unnið að innleiðingu laga um **öryggi net- og upplýsingakerfa** mikilvægra innviða, hvað snertir samgöngumál en á grundvelli regluverks þurfa rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu að uppfylla kröfur til að sporna við netógnum. Á árinu voru fyrstu skrefin stigin í eftirliti með þeim aðilum og kom Samgöngustofa að vinnu við gerð leiðbeininga um samræmt eftirlit stjórnvalda.

Auknar kröfur um ráðstafanir til að verjast netógnum komu til framkvæmda í reglugerð um flugvernd. Samgöngustofa hefur tekið þátt í stefnumótun hjá EASA um gerð almennra reglna um netógnir í flugi, svo og með framkvæmdastjórn ESB og EMSA um gerð reglna um netvernd á sviði siglingaverndar.

Loftslagsmál eru vaxandi málaflokkur hjá stofnuninni. Aðgerðir gegn loftslagsbreytingum hafa verið til umræðu á alþjóðavettvangi, síðast á umhverfisráðstefnunni 2021 (COP26). Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur leitt stefnumótandi vinnu við að koma í gagn við nýju alþjóðlegu kerfi á markaðsgrunni um losunarheimildir (CORSIA), en

kröfur um vöktun, vottun og skýrslugjöf tóku gildi í ársbyrjun 2019. Samgöngustofa tekur þátt, veitir upplýsingar og fylgist náið með þróun mála. Sóttir eru norrænir og evrópskir samstarfsfundir um umhverfismál í flugi og stofnunin á fulltrúa í norðurslóðasamstarfi undir formerkjum Norðurskautsráðsins, um málefni hafsins.

Vinnuhópur umhverfismála starfar innan Samgöngustofu. Tilgangur hans er að efla þekkingu og vitund starfsfólks um umhverfismál og stuðla að vistvænni rekstri til samræmis við loftslagsstefnu stjórnvalda. Markmiðin eru m.a. samdráttur í losun og kolefnisjöfnun starfseminnar. Vinna hópsins tengist samfélagslegri ábyrgð, en stofnunin er aðili að loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar.

Vinna við Græn skref og grænt bókhald er í góðum gangi hjá Samgöngustofu. Í lok ársins hafði stofnunin staðist úttekt í fjórum af fimm grænum skrefum og stefnt er að því að ljúka fimmta og síðasta skrefinu snemma árs 2022.



Öryggisáætlanir


Flugöryggisáætlun er kerfislýsing á reglubundnu flugöryggisstarfi Samgöngustofu og verkefnaáætlun sem uppfærð er reglulega.

Samgöngustofa innleiðir alþjóðlegar reglur, skráir flugatvik í samevrópskan gagnagrunn, greinir þau og miðlar fræðslu. Flugrekendum, starfsleyfishöfum flugleiðsögu og skírteinishöfum ber að tilkynna öll flugatvik og flugslys sem verða í flugi eða flugleiðsögu. Tilgangurinn með skráningunni er að greina gerð atvika, vettvang og aðstæður svo stuðla megi að því með eftirliti og fræðslu að sambærileg slys

eða atvik endurtaki sig ekki. Slys í flugi eru fátíð en skráningarskyld flugatvik, sem hægt er að læra af, eru fleiri.

Árið 2021 urðu tvö flugslys og átta alvarleg flugatvik, flest í almannaflugi, en stærsti hluti flugtíma á við um flutningaflug.

Markmið áætlunarinnar eru að flugslysum og alvarlegum atvikum fækki í flutningaflugi loftfara skráðum á Íslandi um 3% á ári, mælt á hverjar 10.000 flughreyfingar og í almannaflugi um 10% á ári.



Í **umferðaröryggisáætlun** eru settir fram mælikvarðar og markmið um að bæta þá hegðun sem stuðlar hvað mest að slysum í umferð, þ.á.m. hraðakstur, ölvunarakstur, beltanotkun og símanotkun undir stýri. Árið 2021 náðist ekki yfirmarkmiðið um 5% fækkun látinna og alvarlega slasaðra. Af undirmarkmiðum náðust aðeins þrjú en önnur eru langt frá því sem stefnt var að. T.a.m. kallar skörp aukning á slysum vegna rafhlaupahjóla á sérstaka athygli. Upplýsingar úr umferðarslysa-

skráningu eru nýttar til grundvallar forvarna og betrubóta á vegna- og gatnakerfi þar sem slyshætta skapast. Á árinu var lögð áhersla á beltanotkun með stórra herferð. Ekki var lögð mikil áhersla á erlenda ferðamenn en í staðinn framleiddar nokkrar fræðslumyndir með skilaboðum til Íslendinga. Umferðarfræðsla í skólum og leikskólum var óhefðbundin vegna samkomutakmarkana en jóladagatal fyrir börnin var framleitt og sýnt m.a. í Sjónvarpi Símans.

Yfirmarkmið umferðaröryggisáætlunar til ársins 2033 eru eftirfarandi:

1. Að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða hvað varðar fjölda látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa árin 2019-2033.

2. Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2033.

Síðara markmiðinu til stuðnings hafa verið sett undirmarkmið sem gera kleift að fylgjast nánar með þróuninni, sjá hvað gengur vel og hvar úrbóta er þörf.


	Markmið 2021	Rauntölur 2021	Niðurstaða 2021
Látnum og alvarlega slösuðum fækki árlega um 5%.	164	208	+27%
a. Engin börn, 14 ára og yngri, látist í umferðinni.	1,1	1	-5%
b. Ekki verði banaslys sem rekja má til vanrækslu á notkun öryggisbelta.	3,5	2	-42%
c. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs fækki árlega um 5%.	10	8	-18%
d. Ungum öikumönnum, 17–20 ára, sem eiga aðild að alvarlegum slysum og banaslysum fækki árlega um 5%.	22	29	+30%
e. Alvarlega slösuðum og látnum á bifhjóli fækki árlega um 5%.	17	21	+22%
f. Alvarlega slösuðum og látnum gangandi vegfarendum fækki árlega um 5%.	22	22	+2%
g. Alvarlega slösuðum og látnum hjólandi vegfarendum fækki árlega um 5%.	28	65	+133%
h. Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ríkisborgurum búsettum á Íslandi fækki árlega um 5%.	13	23	+74%
i. Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ferðamönnum á hverja 100.000 erlenda ferðamenn fækki árlega um 5%.	2	2,47	+23%
j. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna útafaksturs fækki árlega um 5%.	34	46	+34%
k. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna framanákeyrsla fækki árlega um 5%.	12	13	+5%

Myndin sýnir stöðu yfirmarkmiðs 2 og undirmarkmiða árið 2021.

Marmið **áætlunar um öryggi sjófarenda** er m.a. að treysta öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Meginmarkmiðið er að fækka slysum á sjó. Engin dauðaslys urðu árin 2008, 2011, 2014 eða á árunum 2017-2021. Eru því nú komin fimm ár í röð þar sem enginn ferst til sjós.

Helstu verkefni snúa að menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis, söfnun og miðlun upplýsinga, þátttöku í gerð gæða- og öryggiskrafna um borð auk rannsóknaverkefna.

Á árinu var m.a. framleitt fræðsluefni um reyk- köfun og björgun með þyrlu. Einnig var auglýsingum varðandi áhættuþætti á borð við ofhleðslu báta og ofþreytu miðlað til sjómanna. Unnið var að þróun atvikaskráningarkerfis sem VÍS gaf RNSA á árinu með markmiði um að það verði tekið í notkun 2022. Með því verður slysa- og atvikatölfræði aðgengileg og nýtist til ákvarðana um aðgerðir um forvarnir til sjós. Veittur var styrkur til tveggja verkefna. Annað snýst um búnað sem stillir af hraða báta út frá ölduhæð en hitt er kerfi sem varar við strandi.



Látur í sjóslysum á fimm ára tímabilum: Mikill árangur hefur náðst á undanförunum áratugum í slysavörnum sjófarenda. Engin dauðaslys urðu á sjó árin 2008, 2011, 2014 eða 2017-2021.



Umferð

Samgöngustofa annast stjórnýslu og stefnumótun umferðar á vegum sem byggir á evrópskum reglugerðum en einnig eru í gildi séríslenskar reglur.


Meðal verkefna er skráning ökutækja og umsýsla í tengslum við ökutæki, gerð og búnað. Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi þeirra fyrirtækja sem sjá um skoðanir ökutækja og hafa gilt starfsleyfi. Hún annast útgáfu leyfa til leigubílstjóra, forfallafólks leigubílstjóra, hóp- og farmflutninga og leyfa til reksturs ökutækjaleiga.

Meðal breytinga á regluverki var niðurfelling skráningarskyldu léttra bifhjóla og léttra eftirvagna og hækkun hámarkshraða í vistgötum í 15 km/klst. Reglugerð um skoðun ökutækja tók gildi og samhlíða unnið að uppfærslu skoðunarhandbókar. Reglugerð um öryggiskröfur fyrir jarðgöng tók gildi. Metin voru áhrif fjölda Evrópuugerða og tilskipana og gerð drög að innleiðingu í íslenskt regluverk.


Samgöngustofa annast ökuþróf, veitir leyfi til starfrækslu ökuskóla og ökugerða og hefur umsjón

með ökunámi og eftirlit með ökukennslu. Á árinu skiluðu 230 ökukennarar nemendum til ökuþrófs og fór kennsla þeirra fram á vegum 29 ökuskóla og tveggja ökugerða. Alls 6.745 nemendur luku prófi til almennra ökuréttinda en tæp 10% stóðst ekki verklegt ökuþróf.


Fjöldi staðinna verklegra prófa til almennra ökuréttinda



Gild atvinnuleyfi til leiguaksturs



Hlutfall helstu orkugjafa nýskráðra fólksbíla 2021 samanborið við 2017





Samgöngustofa sinnir stjórnáslu, heimildaveitingum og eftirliti með fyrirtækjum í flugtengdum rekstri, á sviði flugleiðsögu, flugvalla og flugverndar. Stofnunin hefur umsjón með framkvæmd flugprófa og gefur út skírteini fyrir m.a. flugmenn, flugumferðarstjóra og flugvirkja.


Samgöngustofa hefur hlutverk um eftirlit með framkvæmd flugleiðsögu á N-Atlantshafi og fer með skipulag loftrýmisins en Ísland sinnir mun stærra loftrými en sem nemur lofthelgi landsins. Eftirspurn eftir notkun loftrýmisins fyrir nýja notendur hefur vaxið samhliða notkun á drónum. Síðustu misseri hefur einnig orðið aukning á beiðnum um eldflaugaskot í tilraunaskyni. Undirbúningur á afgreiðslu þeirra er í vinnslu í íslensku stjórnkerfi.

Eldgos í Fagradalsfjalli vakti mikla athygli og jókst eftirspurn eftir því að fljúga umhverfis gosið. Í góðri samvinnu allra aðila var skipulagi komið á um flugumferð mannaðra og ómannaðra loftfara.


Heimsfaraldur hafði áframhaldandi áhrif á flugumferð. Í lok árs voru flognir kílómetrar í íslenska loftrýminu rúmlega 70% og umferð til og frá landinu undir 80% miðað við 2019. Áhrifin birtust einnig í fækkun kvartana flugfarþega frá árunum á undan.

Frumvarp til nýrra heildarlaga um loftferðir var lagt fram á Alþingi í mars og á ný í desember. Innviðaráðherra samþykkti áframhaldandi viðræður um aðild Íslands að Eurocontrol frá 1. janúar 2025, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Fjöldi bóklegra flugmannsprófa



Ástæður kvartana flugfarþega





Siglingar

Á sviði siglinga annast Samgöngustofa stjórnsýsluverkefni á grundvelli íslensks regluverks sem markað er erlendum kröfum og alþjóðlegu samstarfi. Stofnunin sér um skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins.

Samgöngustofa framkvæmir og hefur eftirlit með skoðunum á skipum og gefur út leyfi fyrir farþegaflutninga. Stofnunin fer yfir og samþykkir teikningar skipa og annast útgáfu skipsskírteina. Einnig gefur stofnunin út skirteini fyrir íslenska sjómenn, atvinnukafara, leiðsögumenn skipa og hafnsögumenn skipa og hefur umsjón með lögskráningu sjómanna.


Aðalskipaskrá er haldin samkvæmt lögum um skráningu skipa. Þar er m.a. að finna upplýsingar um skráningarnúmer, umdæmisnúmer, kallmerki, heimahöfn, smíðastað, gerð, efni, afl og tegund vélar auk annarra upplýsinga.

Á árinu voru samþykkt ný skipalög nr. 66/2021 sem leysa af hólmi eldri lög um fiskiskip, skráningu skipa, skipamælingar og eftirlit með skipum. Unnið er að uppfærslu reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna.


Nýtt frumvarp til heildarlaga um áhafnir skipa var lagt fram á Alþingi en kom ekki til afgreiðslu. Þeim er ætlað að taka við af ýmsum lögum sem gilda um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, lögum um áhafnir íslenskra

farþegaskipa og flutningaskipa og lögum um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Fjöldi útgefna atvinnuskírteina í siglingum



Fjöldi lögskráningardaga



Yfirlit um afkomu ársins 2021

Tekjur	2021	2020
Tekjufærsla fjárveitinga	1.284.700.000	1.328.100.000
Seld þjónusta	1.034.512.049	936.286.022
Vörusala	151.495.972	134.898.776
Framlög og ýmsar tekjur	17.503.411	39.052.961
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	19.926.524	17.900.469
Tekjur alls	2.508.137.956	2.456.238.228
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	1.886.360.838	1.880.136.256
Framlög og tilfærslur	1.500.000	1.000.000
Annar rekstrarkostnaður	636.294.625	574.682.295
Afskriftir	19.926.524	17.473.716.020
Gjöld alls	2.544.081.987	2.473.719.020
Afkoma fyrir fjármagnsliði	- 35.944.031	- 17.480.792
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	2.794.110	20.442.934
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	- 5.751.276	- 9.530.984
Samtals	- 2.957.166	10.911.950
Afkoma ársins	- 38.901.197	- 6.568.842

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.

Efnahagsreikningur

31. desember 2021

Eignir	2021	2020
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður	57.713.922	42.071.049
Farartæki og vélar	15.797.006	19.009.956
Verk í vinnslu	51.168.374	18.681.058
Fastafjármunir samtals	124.679.302	79.762.063
Veltufjármunir		
Birgðir	36.519.370	65.093.162
Viðskiptakröfur	483.808.383	578.903.316
Tengdir aðilar	879.270.475	986.051.595
Aðrar kröfur og fyrirframgr. kostnaður	73.764.368	34.640.647
Handbært fé	273.991.037	116.867.702
Veltufjármunir samtals	1.747.353.633	1.781.556.422
Eignir samtals	1.872.032.935	1.861.318.485
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	- 37.855.999	1.045.198
Bundið eigið fé	1.534.878.019	1.534.878.019
Eigið fé alls	1.497.022.020	1.535.923.217
Skuldir		
Tengdir aðilar	39.863.460	4.767.000
Viðskiptaskuldir	54.973.289	39.522.814
Ýmsar skammtímaskuldir	210.609.047	207.213.811
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	69.565.119	73.891.643
Skuldir samtals	375.010.915	325.395.268
Eigið fé og skuldir samtals	1.872.032.935	1.861.318.485

Allar tölur eru í íslenskum krónum.

Birt með fyrirvara um staðfestingu Ríkisendurskoðunar.

